

86

86. Félag-
haldin er
afa marg-
Reykjavík

litanotk-
stina.


avíkur að
eður stór-
g er eftir

og fjallar
óvétríkin.
heimsmál-

fara með
una gerði

5.00 báða

Úr handgerðum pappír og máluðu taui



Síðastliðinn laugardag opnaði Guðrún Kristjánsdóttir sýningu á verkum sínum á vesturgangi Kjarvalsstaða. Á sýningunni, sem er sölusýning, eru 50 verk, flest unnin á þessu ári og því síðasta. Flest verkin eru „samsett" (Collage) úr handgerðum pappír, sem hún útbýr sjálf, og máluðu taui.

Guðrún Kristjánsdóttir er 36 ára Reykvíkingur. Hún var við nám í Myndlistarskóla Reykjavíkur og listaskóla í Aix-en-Provence í Frakklandi um nokkurra ára skeið. Hún hefur tekið þátt í samsýningu F.Í.M. 1983, sýningunni Hér og nú á fyrra ári og Reykjavík í myndlist á Kjarvalsstöðum á þessu ári.

Þetta er fyrsta einkasýning Guðrúnar Kristjánsdóttur. Hún er opin daglega frá kl. 14–22 og stendur til 19. október.



Pétur sýnir
í Listasafni ASÍ

Á morgun, laugardaginn 11. október, kl. 14.00 opnar Pétur Halldórsson málverkasýningu í Listasafni ASÍ, Grensásvegi 16, á efstu hæð.

Á sýningunni eru 26 verk, máluð á undanförnum þremur árum, aðallega olíu- og akrýlmálverk.

Pétur Halldórsson stundaði nám við Myndlistar- og handíðaskóla Íslands árin 1969–74 og framhaldsnám við Middelesex Polytechnics, Graphics Design í London 1975–76. Hann hefur á undanförnum árum unnið sér gott orð sem útlitshönnuður og teiknari og liggja eftir hann fjölmörg verk á þeim vettvangi.

Málverkasýning Péturs stendur til 24. október næstkomandi og er opin virka daga kl. 16–20 og um helgar kl. 14–22.

Síminn í 80 ár

Núna um helgina lýkur sýningunni Síminn í 80 ár sem staðið hefur yfir í Sjálfstæðishúsinu við Austurvöll að undanförnu. Sýningin er haldin í tilefni þess að 80 ár eru liðin frá stofnun Landssíma Íslands.

Þetta er aðallega tækni- og sögusýning. Hún spannar reyndar lengri tíma en þau 80 ár sem Landssími Íslands hefur verið starfræktur. Ýmislegt eldra er til sýnis, má þar sem dæmi nefna símstöðina á Seyðisfirði sem enn er til og er hún uppsett á sýningunni í sinni upprunalegu mynd. Margar nýjungar eru einnig til sýnis, til að mynda er hægt að skoða ljósleiðarakerfi. Tvær íslenskar kvikmyndir um símann eru einnig sýndar þarna.

Á sýningunni eru menn sem leiðbeina gestum. Henni lýkur á sunnudaginn. Sýningin er opin kl. 16–20 í dag og 14–20 um helgina.



Af spjöldum sögunnar

Á morgun, laugardaginn 11. október kl. 14.00, verður sýningin Af spjöldum sögunnar opnuð í Ásmundarsal við Freyjugötu. Sýndar verða myndasyrpur úr The Illustrated London News frá tímabilinu 1860–1866.

Sýningin verður opin kl. 18–22.30 virka daga en frá kl. 14–22.30 um helgar. Henni lýkur sunnudaginn 19. október.

Gallerí Götuhús á Stokkseyri

Á morgun, laugardaginn 11. október, kl. 14 opnar Páll S. Pálsson málverkasýningu í Gallerí Götuhús á Stokkseyri.

Sýningin mun standa til 19. október og verður opin kl. 14–22 um helgar og 20–22 virka daga. Allir eru velkomnir. Kaffi á könnunni.

Jónas Árnason á vísnakvöldi.
Vísnavinir hefja vetrarstarf sitt nk. mánudagskvöld, þann 13. október. Þá verður haldið vísnakvöld á Hótel Borg og hefst það kl. 20.30. Kvöldið verður að mestu helgað Jónasi Árnasyni og munu þar ýmsir góðir menn og konur flytja ljóð hans við lög úr ýmsum áttum. Jónas verður sjálfur heiðursgestur kvöldsins og ekki er ólíklegt að hann muni taka lagið fyrir viðstadda. Þessu „Jónasarkvöldi" tengist útkoma bókar einnar veglegrar sem hefur að geyma flestar söngvísur Jónasar ásamt nótum. Bókin er skreytt teikningum nokkurra þekktra íslenskra listamanna og verður hún væntanlega til sölu á vísnakvöldinu. Aðrir gestir á vísnakvöldinu eru sænska vísnasönkonan Thérése Juel og hornaflokkurinn Lurjämtarna, en þau eru stödd hér á landi á vegum Norræna félagsins og taka þátt í norrænni viku á Vesturlandi. Áhugamenn um góðan vísnasöng eru hvattir til að láta þessa einstæðu dagskrá ekki fram hjá sér fara.

Kvenfélag Árbæjarsóknar með hlutaveltu og flóamarkað.
Hlutavelta og flóamarkaður verður í anddyri byggingar Árbæjarkirkju sunnudaginn 12. október kl. 15 til styrktar byggingunni.

Kynningarfundur hjá Guðspekifélaginu
Á morgun, laugardaginn 11. október, verður efnt til kynningarfundar um starf og stefnu félagsins. Fundurinn hefst kl. 15 í húsi félagsins að Ingólfsstræti 22.

Listmunasýning í Hveragerði
Þessa dagana stendur yfir sýning á skúlptúrum og blómasúlum unnum úr tré í Eden í Hveragerði. Verkin eru gerð af Erlendi F. Magnússyni, Hveragerði sem m.a. sá um innréttingar í Skíðaskálanum í Hveradölum, Eden í Hveragerði og Hótel Geysi í Haukadal auk þess sem hann skar út kirkjuhurðina í Þorlákshöfn. Á árum áður tók Erlendur þátt í tveimur samsýningum á vegum SUM. Hér er á ferðinni sölusýning, fyrsta einkasýning Erlendar og mun hún standa yfir fram í miðjan þennan mánuð.

Kvenfélag Kópavogs
Félagsvist verður mánudaginn 13. október kl. 20.30 í félagsheimili Kópavogs. Allir velkomnir.

Íþróttahús Hagaskóla lokað um helgina.
Vegna fyrirhugaðrar heimsóknar Reagans og Gorbatsjovs þá hefur íþróttahúsi Hagaskóla verið lokað fram yfir helgina 11.–12. október. Af þessum sökum hefur KKÍ orðið að færa nokkra leiki miðað við áður útgefna leikjaniðurröðun. Eftirtaldir leikir hafa verið færðir: **Laugardagurinn 11. október.** Fram–Valur í úrvalsdeild færist til þriðjudagsins 28. október kl. 20 í Hagaskóla. KR–Haukar í 1. deild kvenna færist til þriðjudagsins 21. október kl. 21.30 í Hagaskóla. Árvakur–Snæfell í 2. deild karla færist til laugardagsins 7. mars 1987 (nánar auglýst síðar). **Sunnudagur 12. október.** KR–ÍBK í úrvalsdeild færist til þriðjudagsins 21. október kl. 20 í Hagaskóla. Fram–UMFN í 2. flokki karla færist til þriðjudagsins 28. október kl. 21.30 í hagaskóla.

Tölvusýning í Borgarleikhúsinu.
Þessa dagana stendur yfir sýning á tölvum í Borgarleikhúsinu. Alls 40 sýnendur munu kynna allt það nýjasta og fullkomnasta í tölvuiðnaðinum í dag. Sýningarsvæðið er um 2000 fm en þess má geta að það er stærra svæði en heildarsvæði sýningarinnar Heimilið '86. Sýningarbásarnir verða einstaklega glæsilegir en þeir stærstu eru yfir 100 fm að stærð eða á við meðalíbúð í blokk. Sýningin verður opin yfir helgina frá kl. 10–22.

Lionessur í Kópavogi selja heimilspoka
Laugardaginn 11. október munu eldhressar konur úr Lionessuklúbbnum Ýr í Kópavogi bjóða til sölu tvær gerðir af heimilispokum. Allur ágóði af sölunni rennur til líknarmála.

Lazgí í Hlégarði í kvöld
Síðustu tónleikar og danssýning þjóðlega söng- og dansflokksins Lazgí frá Úzbekistan, sem dvalist hefur hér á landi undanfarna daga í tilefni Sovéskra daga MÍR 1986, verða í félagsheimilinu Hlégarði í Mosfellssveit í kvöld, 10. okt., og hefjast kl. 20.30. Á efnisskrá eru þjóðlög og dansar frá Úzbekistan og fleiri lýðveldum Sovétríkjanna.

Sýning á Hótel Selfossi
Elísabet H. Harðardóttir sýnir myndvefnað og vatnslitamyndir í anddyri Hótel Selfoss við Ölfusárbrú. Sýningin stendur í þrjár vikur.

Ferðafélag Íslands
Dagsferð sunnudag 12. okt.
kl. 13. Skúlatún–Gullkistugjá–Kaldársel. Ekinn Bláfjallavegur vestri að Skúlatú.
Farmiðar við bíl. Frítt fyrir börn í fylgd fullorðinna. ATH. að nálgast óskilamuni frá sumarferðunum á skrifstofunni Öldugötu 3.

Útivistarferðir.
Helgarferðir 10.–12. okt.
1. Haustferð í Þórsmörk. Enn er tækifæri til að sjá haustlitina. Gönguferðir. Gist í skálum Útivistar í Básum. Brottför föstud. kl. 20.30.
2. Emstrur–Ker–Markarfljótsgljúfur. 2 dagar. Brottför laugard. kl. 8. Gist í húsi. Góð haustferð að Fjallabaki. Uppl. og farm. á skrifst. Grófinni 1. Símar: 14606 og 23732.
Dagsferðir sunnudag 12. okt.
kl. 10.30 Fagradalsfjall–Meradalir. Gengið yfir vestasta fjall Reykjanesfjallgarðsins frá Arnarsetri yfir að Vigdísarvöllum.
Kl. 13 Vigdísarvellir (rústir) – Núpshlíðarháls. Létt ganga í Reykjanesfólkvangi. Brottför frá BSÍ bensínsölu (Í Hafnarf. v. kirkjug.) Sjáumst. Útivist.

BÍLASALAN


Toyota HI-Lux pickup árg. '82, ekinn 100.000, blár. Verð 480.000,-


Toyota Corolla Liftback 1600 SE '81, blár, ekinn 68.000. Verð 265.000,-


Citroen GS Pallas árg. '81, ekinn 80.000, grænsans. Verð 210.000,-


Toyota Corolla Special Series, árg. '86, ekinn 13.000, rauður. Verð 410.000,-


Toyota Camry 2000 GLI '85, einn með öllu, ekinn 22.000. Verð 585.000,-


Toyota Corolla STW '81, ekinn 37.000, litur hvítur. Verð 250.000. Einnig gulur, ekinn 70.000. Verð 240.000,-


Toyota LandCruiser STW '83, ekinn 100.000, litur beige. Verð 840.000,-


Toyota Tercel '83, ekinn 70.000, litur grænn. Verð 280.000,-


Toyota HI-LUX 4x4, árg. '83, dísil, original vökvastýri, yfirbyggður. Verð 700.000,-


Mazda 626 2000, 5 gíra, árg. '82, rafm. rúður, vökvastýri, ekinn 110.000, grár. Verð 270.000,-


Toyota Corolla árg. '81, liftback, SE, 5 gíra, ekinn 48.000. Verð 285.000,-


VW Jetta árg. '81, ekinn 68.000, grár. Verð 220.000,-


Toyota HI-LUX árg. '86, bensín, vökvastýri, ekinn 10.000. Verð 780.000,-. Plasthús.


Toyota Hiace dísil '82, ekinn 90.000, 30.000 á vél, litur blár. Verð 350.000,-


Toyota Tercel 4x4, '85, ekinn 41.000, litur grásans. Verð 480.000,-


Toyota Cressida Diesel '84, ekinn 150.000, litur gulsans. Verð 460.000,-


Toyota Cressida '80, ekinn 70.000, litur rauður. Verð 240.000,-


Daihatsu Charade '82, ekinn 57.000, litur rauður. Verð 220.000,-


Toyota Corolla Twin cam árg. '85, ekinn 4.000, hvítur. Verð 520.000,-

Toyota Corolla árg. '85, 86 Twin cam.
Toyota LandCruiser Diesel '86 STW.
Toyota Cressida GLi-6 árg. '83.
Toyota Carina árg. '81.
Toyota Starlet árg. '80.
Opel Rekord Diesel árg. '83.
Toyota Tercel árg. '81.
Mazda 626 árg. '80.

Opið virka daga 9–19. Laugardaga 13–18.

ATH. Höfum ýmsar tegundir bifreiða á söluskrá

BÍLASALAN
P. SAMÚELSSON & CO. HF.
SKEIFUNNI 15 108 REYKJAVÍK SÍMI (91) 687120